



Stjórn ÆSKP leggur til eftirfarandi lagabreytingatillögur til aðalfundar ÆSKP, 14. mars 2014:

Lagabreytingatillögur

1. Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr. Í stað orðanna „Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara og skal hann auglýstur í fjölmiðlum, á vef ÆSKP og með boðsbréfi” komi „Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara og skal hann auglýstur með tryggilegum hætti”
2. Eftirfarandi breytingar verði á 5.gr.
 - a. Í stað orðanna „ Dagskrá aðalfundar, endurskoðaðir reikningar, rekstraráætlun, lagabreytingartillögur, starfsáætlun og önnur gögn sem teljast nauðsynleg skulu póstsend til aðildarfélaga tíu dögum fyrir aðalfund” skal standa „ Dagskrá aðalfundar, endurskoðaðir reikningar, rekstraráætlun, lagabreytingartillögur, starfsáætlun og önnur gögn sem teljast nauðsynleg skulu póstsend eða send rafrænt til aðildarfélaga tíu dögum fyrir aðalfund”
 - b. Að 3. málsgrein 5.gr „ Skýrslur aðildarfélaga skulu liggja frammi á aðalfundi” verði tekin út.
3. Eftirfarandi breytingar verði á 7.gr. í stað orðanna „ Varastjórn fær sameiginlega kosningu” komi „Fimm manna varastjórn fær sameiginlega kosningu.”